

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 76/1988 um húsnæðisbætur.

1.gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Húsnæðisbætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiðast út 1. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989 vegna íbúðar sem maður eignast á árinu 1988.

Húsnæðisbætur sem maður á rétt á samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 92/1987 greiðast út í fyrsta sinn 1. ágúst 1988. Þeir sem eiga rétt á húsnæðisbótum samkvæmt bráðabirgðaákvæði II eru þeir sem hafa keypt eða hafið byggingu íbúðarhúsnæðis í fyrsta sinn á árunum 1984-1987 og uppfylla að öðru leyti skilyrði þessarar reglugerðar og nutu ekki vaxtafrádráttar í stað fasts frádráttar á árunum 1984-1987.

Þeir sem uppfylla skilyrði 2. mgr. þessarar greinar að öðru leyti en því að þeir nutu vaxtafrádráttar í stað fasts frádráttar á árunum 1984-1987 geta sótt um það á árinu 1988 að fá húsnæðisbætur frá og með því ári í stað vaxtaafsláttar samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 92/1987. Húsnæðisbætur samkvæmt þessari málsgrein skulu ákveðnar þannig, að frá heildarfjárhæð húsnæðisbóta skal dregin sú fjárhæð sem svarar til þeirrar lækkunar á tekjuskatti sem viðkomandi maður hefur notið vegna vaxtafrádráttar á árunum 1984-1987, eftir að sú fjárhæð hefur verið framreiknuð samkvæmt lánskjaravísitölu frá júní á álagningarári til júní 1988. Sú fjárhæð sem þá er eftir greiðist samkvæmt almennum reglum um húsnæðisbætur, þar til hún er að fullu greidd.

Ríkisbókhald sér um skuldajöfnun, sbr. 9. gr., og um útborgun húsnæðisbóta.

2.gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, og 119. gr. laga nr. 75/1981, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. febrúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Porláksson.